



## Ákvörðun

Samgöngustofu nr. 3/2019 um gildistöku reglna um UPRT

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) hefur gefið út reglugerð (ESB) nr. 2018/1974 sem innleiðir kröfur um þjálfun í að fyrirbyggja og bregðast við óeðlilegri flugstöðu (UPRT þjálfun). Samkvæmt reglugerðinni er gerð krafa um UPRT þjálfun sem hluta af samvinnuðu atvinnuflugmannsnámi og einnig sem hluta af tegundarþjálfun fyrir flugvélar og skulu öll framangreind námskeið sem hefjast eftir 19. desember 2019 innihalda slíka þjálfun.

Forsaga breytinganna er sú að á undanförunum árum hefur óeðlileg flugstaða flugvéla (e. aeroplane upset) og það að flugmenn missi stjórn á loftfari (e. loss of control) verið greind meðal helstu áhættuþátta í starfrækslu loftfara sem leitt geta til banaslysa í flutningaflugi.

Það liggur fyrir að innleiðing framangreindrar reglugerðar, bæði í EES-samninginn og í íslenskan landsrétt með reglugerð, verður ekki formlega lokið í tæka tíð. Með hliðsjón af framangreindu og til að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á þjálfun framkvæmdri af íslenskum þjálfunarfyrtækjum og skírteinum flugliða með skírteini útgefin af Samgöngustofu hefur stofnunin ákveðið að frá og með 19. desember 2019 skuli eftirfarandi aðilar fara eftir ákvæðum Reglugerðar (ESB) nr. 2018/1974:

1. Umsækjendur um og/eða handhafar skírteina flugliða eða skyldra réttinda
2. Samþykkt þjálfunarfyrtæki.

Þrátt fyrir framangreint er Samgöngustofu heimilt að veita undanþágur frá kröfum um að UPRT þjálfun fari fram í flughermisþjálfu sem vottaður hefur verið skv. CS-FSTD(A) 2 enda sé slíkur flughermisþjálfari ekki tiltækur fyrir umrædda þjálfun.

Ákvörðun þessi sem sett er með vísan til 1. mgr. 140. gr. loftferðalaga með síðari breytingum verður birt á heimasíðu Samgöngustofu.

Reykjavík, 19. desember 2019

  
Jón Gunnar Jónsson, forstjóri